

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Elkem Ísland ehf. Hvalfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	28.5.2015	<b>Fulltrúi UST</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Elkem Ísland ehf.	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigríður Kristjánsdóttir
<b>Heimili</b>	Grundartanga	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	6406750209	<b>Flokkur</b>	Verksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sigurjón Svavarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	24.10.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	365514,62 431317,984

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram 3 ný frávik frá starfsleyfi vegna gagnaskila, upplýsingagjafar og að ekki er fullvissa um að mengunarvarnarbúnaður frá aftöppun ofns 3 virki sem skyldi.

Árið 2012 og 2013 mældist styrkur SO<sub>2</sub> yfir gróðurverndarmörkum oftar en heimilt er skv reglugerð. Undanþága umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá ákvæðum reglugerðar um gróðurverndarmörkin gildir til 1.júní 2016.

Ein kvörtun barst vegna neyðarreykloss þann 27.febrúar sl. sem stóð yfir í 1 klst.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitsfundurinn hófst með yfirferð á mælingum í samræmi við tillögu að mæliáætlun. Ný drög að mæliáætlun voru afhent í eftirlitinu.

Ársskýrsla sbr grein 4.9 í starfsleyfi liggur ekki fyrir. Í eftirlitsskýrslu síðasta eftirlits sem og í eftirliti 2013 kom fram að þeir hafa stefnt að útgáfu einnar heildstæðrar ársskýrslu sem nær yfir skilaskyldu gagna í starfsleyfi. Í eftirlitinu voru sýnd drög að skýrslunni en óskað eftir fresti fram á næsta ár til að skila henni.

Farið var yfir afsog frá ofnum Elkem.

Frá ofnunum eru afsogskerfi sem leitt er í gegnum kæliör og þaðan í síuhús (filtera). Farið var yfir eftirlit með virkni síuhússins. Elkem hefur innleitt rafrænan gagnagrunn sem heldur utan um síuskipti. Þegar sem rifna eru teknir úr notkun með því að loka fyrir pokastæðið (blinda). Þegar meira en 30% poka í hólfi hafa verið blindaðir er hólfi síuhússins tekið út og skipt um alla poka samtímis. Sjónrænt eftirlit með síupokum í síuhúsinu fer fram daglega.

Fylgst er með hitastigi í síuhúsi og til að koma í veg fyrir ofhitnun og skemmd á búnaði þarf að opna skorsteinslúgur og hleypa reyknum út. Þessi neyðarreyklos eru heimiluð upp að 1% af rekstrartíma ofns skv starfsleyfi. Góður árangur á reyksleppum náðist árið 2014 þar sem að þau voru samtals 0,03% af rekstrartíma ofna.

Afsogskerfi er sömuleiðis frá aftöppuninni frá ofnunum. Það afsog er leitt í smærri síuhús, þ.e. Kjósverja frá ofnum 1 og 2, og Samúel frá ofni 3. Daglegt sjónrænt eftirlit er með síupokunum en skipt er út síupokum amk árlega.

Farið var yfir rykmælingar, útreikninga og ályktanir við mat á ryklosun frá fyrirtækinu.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands gerir árlega rykmælingar í útblæstri afsogskerfi aftöppunareyks (Kjósverja)sem og í rjáfri verksmiðjunnar. Ekki hefur verið unnt að mæla ryk í útblæstri reykhreinsivirkis frá ofnunum og er því metin útfra stærð filtera (síupoka) og loffflæði í gegnum þá. Elkem áætla losun frá Samúel sem og aðra ryklosun í vinnslusal (við útsteypingu, keyrslu ofl.) útfra reiknimódeli sem var endurmetið árið 2012. Sömuleiðis hefur ryklosun vegna annarar starfsemi (löndun, hráefnum ofl.) á lóð verið áætluð. Elkem hefur sett sér markmið að minnka ryklosun um 50 tonn árið 2015.

CO<sub>2</sub> losun er metin útfra efnagreiningum á hráefnisförmum.

SO<sub>2</sub> losun er sömuleiðis reiknuð út frá efnagreiningum á hráefnum. Þeir útreikningar eru svo tékkaðir af með árlegum mælingum í útblæstri hreinsivirkja og í rjáfri.

Þá var rætt um flutning efnis í nýja flæðigryfju. Uppsópi og finefnum er safnað upp í haug á lóðinni og keyrður svo vikulega í flæðigryfjuna. Um 700 tonn af forskiljuryki er í stórsekkjum á bökkum flæðigryfjunnar. Elkem hefur óskað eftir að fá að urða forskiljurykið í sekkjunum í gryfjunni til að lágmarka rykmyndun. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við þá tillögu.

Þá var rætt um Grænt bókhald og upplýsingar sem gefnar eru upp þar. Ekki er getið um magn úrgangs frá verksmiðjunni nema það sem urðað er í flæðigryfju. Auk þess er ekki greint frá ryklosun. Ryklosun kemur fram í skýrslu um rekstur reykhreinsivirkja sem Elkem skilar árlega.

Endurbætur voru gerðar á frárennsli á síðasta ári og sýna nýjustu frárennismælingar frá 2014 að svifagnir og málmar undir starfsleyfismörkum.

Unnið er samkvæmt úrbótaáætlun vegna eldra fráviks þar sem að styrkur SO<sub>2</sub> í andrúmslofti mældist oftar yfir gróðurverndarmörkum í Kríuvörðu árið 2012 og 2013 en heimilt er skv reglugerð. Þessi gróðurverndarmörk eru séríslenkst ákvæði og strangari en í reglugerðum nágrannalandanna. Unnið að endurskoðun íslensku reglugerðarinnar en umhverfis og auðlindaráðuneytið veitti Elkem undanþágu sem gildir til 1.júní 2016.

Að fundi loknum var gengið um verksmiðjuna. Skoðuð var útsteyping á kísiljárn frá steypubelti við ofn 1 sem tekur á móti kísilmálm frá ofnum 1 og 3. Þá var gengið inn í kælisal og lítið yfir vinnslusalinn og að lokum var farið í upp í stjórnstöð og lítið betur á ofnanna á tölvuskjám.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Grein 2.5	Mánaðarlega er rykmagn metið út frá framleiðslu þess mánaðar. Ekki eru gerðar mælingar eða útreikningar mánaðarlega til að ganga úr skugga um að mánaðarmeðaltöl fari ekki yfir starfsleyfismörk.
Grein 4.9	Ársskýrslu eða yfirliti yfir greinar 1.4-1.6, 3.1, 3.2, 3.4, 4.1,4.3-4.5, 5.1 og 5.2 í starfsleyfi var ekki skilað fyrir samráðsfund.
Grein 1.3 og 2.4	Ekki hafa verið gerðar útblástursmælingar í afsogsbúnaði frá aftöppun á ofni 3 (Samúel) og ekki er vitað hvort hann virki ekki sem skyldi.

#### ANNAÐ

Umhverfisstofnun bærust kvartanir vegna sýnilegs reyks frá Elkem þann 27.febrúar sl. en þá var óvenju langt neyðarreyklos frá verksmiðjunni. Reyklosið varð vegna álagsskekkju í ofni 3. Reyklosið stóð yfir í 1 klst.

Umhverfisstofnun mun taka afstöðu til tillögu Elkem af mæliáætlun sem afhent var í eftirlitinu í sér bréfi.

Reykjavík, 07.07.2015



Halla Einarsdóttir

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.